

Sveitarfélagið Hornafjörður

bt. Gunnlaugs Róbertssonar skipulagsstjóra  
Hafnarbraut 27  
780 Hornafirði  
[skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is)

Dags. 24.06.2019  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2018-0042  
0.5.1

Með bréfi dags. 14. maí sl. óskaði Sveitarfélagið Hornafjörður eftir athugasemdu við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem snýr að Skaftafelli III og IV.

Svar Veðurstofunnar er sem hér segir:

Ekki liggur fyrir formlegt hættumat vegna eldgosa eða jökulhlaupa sem skapað geta hættu á þessu svæði. Því er ekki til að dreifa leiðbeiningum um hvar öruggast er að byggja upp nýja starfsemi eða hvaða svæði þarf að forðast. Eðlilegast er að sveitarfélagið reyni að beina skipulagi í þá átt að uppbygging nýrrar starfsemi sem felur í sér samfellda viðveru fólks sé þar sem hætta er minnst og reynt að forðast meginfarvegi jökulhlaupa. Ljóst er að svæði Vþ44 er staðsett við gamla farvegi og er því ekki hægt að útiloka flóðahættu. Eins og kemur þó fram í töflu 2 er land varið af varnargarði meðfram Skeiðará og Morsá og má því telja að hætta af flóðum úr vestri sé óveruleg á umræddu svæði svo lengi sem garðarnir halda. Samkvæmt forgreiningu áhættumats vegna jökulhlaupa í Öræfum er umrætt svæði utan skilgreindis flóðasvæðis fyrir ákveðnar stærðir flóða, sjá t.d. myndir 24 (flóðadýpi) og 33 (mat á tjónmætti) í íslenskri samantekt um jökulhlaup í Öræfum og Markarfljóti (Magnús Tumi Guðmundsson o.fl., 2016). Þess ber þó að geta að erfitt er að útiloka stærri flóð en þau sem líkanreiknuð hafa verið. Því miður hefur ekki verið sett reglugerð um landnýtingu sem tekur á hættu vegna annarra náttúruhamfara en ofanflóða og því er ekki hægt að vísa til ákveðinna viðmiða sem unnt er að ganga út frá í skipulagi af þessum toga.

Framtíðarumsvif í Freysnesi þarf síðan að ræða í framhaldi af hættumati vegna berghlaupa á Svínafellsjökul sem lagt verður fram í haust.

#### Tilvísun

Magnús Tumi Guðmundsson, Emmanuel Pagneux, Matthew J. Roberts, Ásdís Helgadóttir, Sigrún Karlsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Þórdís Högnadóttir & Ágúst Gunnar Gylfason, 2016. *Jökulhlaup í Öræfum og Markarfljóti vegna eldgosa undir jöklum. Forgining áhættumats.* Reykjavík. IMO, IES-UI, NCIP-DCPEM, 63 bls.

Virðingarfyllst,

  
Hafdís Karlsdóttir  
staðgengill forstjóra VÍ